



Efni: Varðandi sundfatnað í skólasundi grunnskólabarna

Hver og einn grunnskóli í Reykjavík hefur svigrúm til að setja reglur varðandi sundfatnað nemenda sinna. Hver skóli setur sér skólareglur og eiga þær að vera í samræmi við Barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna. Einhverjir skólar setja reglur um sundfatnað inn í skólareglur sínar en aðrir gera það ekki, en gefa út tilmæli frá íþrótt- og sundkennurum um æskilegan klæðnað. Í 14. gr. laga um grunnskóla segir um ábyrgð nemenda að: *Nemendum ber að hlíta fyrirmælum kennara og starfsfólks grunnskóla í öllu því sem skólann varðar, fara eftir skólareglum og fylgja almennum umgengnisreglum í samskiptum við starfsfólk og skólasystkin.*

Sundfatnaður nemenda ætti að vera þannig að fatnaðurinn hamli nemendum ekki í sundkennslunni. Í átökum við vatnið skal gæta þess að fatnaður flækist ekki fyrir nemendum né geti sundfatnaðurinn losnað auðveldlega af sbr. reimuð bikiní. Þó nokkuð hefur verið um að reglur skólanna um sundfatnað séu settar fram á ólíkan hátt fyrir kynin þar sem stúlkum er ráðlagt að mæta í sundbol og drengjum í sundskýlu.

Í samræmi við mannréttindastefnu Reykjavíkur og í ljósi samfélagsbreytinga undanfarinna ára er það mat skóla- og frístundasviðs að best fari á því að leggja eingöngu áherslu á þægilegan fatnað sem hentar fyrir sundkennslu en ekki skuli kyngreina sundfatnaðinn. Með virðingu fyrir fjölbreytileika nemenda m.a. hvað líkamsgerð, kyngervi og kynvitund varðar ætti hver nemandi að hafa frelsi til að velja sér þann sundfatnað sem viðkomandi hentar best innan þeirra marka að um sé að ræða sundíþróttafatnað.